

EYD-212

Heiti: Mannvirki – sjónræn áhrif	Númer: 19	Flokkun: B	Dagsetning: 23.11.2007
----------------------------------	-----------	------------	------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Útlit mannvirkja geta haft í för með sér sjónræn áhrif sökum umfangs, staðsetningar, litar, forms eða áferðar. Jarðrask getur einnig haft í för með sér áhrif á ásýnd lands.

Umhverfisáhrif:

Sjónræn áhrif felast í því að breytingar á ásýnd ákveðins svæðis hefur áhrif á upplifun fólks innan þess. Þessi áhrif eru því huglæg. Breytingar á ásýnd getur orðið vegna nýrra mannvirkja sem reist eru eða vegna breytinga á landslagi vegna jarðrasks í tengslum við framkvæmdir eða rannsóknir. Áhrif eru mismunandi og ráðast af landslagseinkennum og nýtingu svæða.

Umhverfisáhætta:

Engin teljandi.

Fyrirbyggjandi stýring:

Við staðsetningu og hönnun mannvirkja er notast við ákveðna aðferðarfræði til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Vöktun:

Engin sérstök.

Ástæða

Þátturinn er flokkaður sem B þáttur. Öll mannvirki geta valdið sjónrænum umhverfisáhrifum. Í lögum þ.m.t. í lögum um náttúruvernd eru tilmæli um að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Þjóðarmarkmið er um að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.